



Akraneskaupstaður

Íbúðalánasjóður

Borgartúni 21
105 Reykjavík

Akranesi, 16. janúar 2018

1711097 SH/PHJ

Efni: Einigrund 8 - tilboð/kaup í íbúð í eigu Íbúðalánasjóðs

Vegna fyrirspurnar um nýtingu íbúðar að Einigrund 8 sem Akraneskaupstaður festi kaup á og sótti um stofnframlag fyrir hjá ILS.

Eins og fram kemur í greinargerð Akraneskaupstaðar sem send var ILS með umsókn Akraneskaupstaðar um stofnframlag, þá er umtalsverð eftirspurn eftir íbúðum á svæðinu fyrir þá einstaklinga sem sveitarfélaginu ber sérstök lagaskylda til að veita úrlausn í húsnæðismálum. Þetta á við þá einstaklinga sem vegna fötlunar, geðfötlunar eða þeirra sem eru á annan hátt ófærir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra tekna, þungar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna.

Í janúar 2017 voru samtals 33 einstaklingar/fjölskyldur á biðlista eftir félagslegu húsnæði, þar af voru 14 einstaklingar/fjölskyldur á biðlista sem uppfylla skilyrði um fötlun og/eða geðfötlun.

Bæjarráð og bæjarstjórn hafði ofangreind atriði í huga við samþykki á kaupum á íbúðinni. Fyrirhugað er að úthluta íbúðinni til íbúa á Akranesi (með fötlunargreiningu) sem er á biðlista eftir húsnæði í eigu sveitarfélagsins. Í dag er ekki talin þörf á að íbúðin fari umfram hámarksstærðarviðmið út frá þörf þess íbúa sem fyrirhugað er að úthluta íbúðinni til. Íbúðin hentar í dag einstakling eða sambúðarfólki sem falla undir framangreind skilyrði og þurfa ekki aukarými eða hjálpertæki vegna hreyfihömlunar, sjónskerðingar eða blindu.

Þess má þó geta að hreyfing á íbúðarmarkaði á Akranesi er lítil og erfitt að festa kaup á 2ja herbergja íbúðum um og undir 60 m² að stærð. Einnig hefur lítið verið um nýbyggingar þar sem stærðarviðmið gætu fallið að stærðarviðmiðum ILS.

Þorgeir Hafsteinn Jónsson

Fjármálastjóri